

## *Skýrsla ritnefndar*

Á árinu 2011 voru gefin út 2 blöð eins og áður. Það gekk vel að fá efni í blöðin, var vorblaðið stærra en fyrri blöð vegna 250 ára afmælis ljósmæðramenntunar á Íslandi. Í því blaði voru 3 ritrýndar greinar ásamt fræðslugreinum. Það var ekki að heyra annað en ljósmæður væru ánægðar með þetta stóra blað. Seinna blaðið kom út í desember eins og undanfarin ár, er það að verða hluti af jólnunum að fá blaðið inn um lúguna.

Kostnaðurinn við blaðið hefur aukist, þá hefur prentunin hækkað mest. Það hefur gengið þokkalega að safna auglýsingum en þær ná samt ekki að dekkja allan kostnaðinn. Reynt var að fá betra tilboð frá öðrum prentstofum fyrir vorblaðið og þá náðist að lækka kostnaðinn eitthvað. En vinnslan á því blaði gekk erfiðlega þar sem þessi prentstofa var ekki alveg að átta sig á að um fagtímarit væri að ræða, hún vildi helst setja blaðið upp eins og glanstímarit. Fyrir desember blaðið náðum við að semja á ný við prentstofan sem við höfum skipt við áður og gekk vinnslan við það blað mun betur. Við verðum að spyrja okkur hvort það sé raunhæft markmið að blaðið komi út í gróða eða standi undir sér.

Núna stendur yfir töluverð breyting á ritstjórninni þar sem allar sem sáu um fræðilega hluta blaðsins eru að hætta. Við erum byrjuð að safna efni í nýtt blað sem kemur út í vor. Mig langar að lokum hvetja þær ljósmæður sem hafa hlotið styrk hjá Ljósmæðrafélaginu að skrifa í blaðið. Samkvæmt reglum félagsins eiga styrkþegar að koma efninu á framfæri til ljósmæðra og er Ljósmæðrablaðið örugglega besti vettvangurinn.

Hrafnhildur Ólafsdóttir